

Efnisyfirlit

Almennt um innsendanda	2
Athugasemdir við frumvarp til laga um skák.....	2
Samantekt	2
2. gr.....	3
4. gr. Starfræksla og stjórn.....	3
5. gr.....	3
6. gr.....	4
Athugasemdir við einstaka hluta greinargerðar	4
Athugasemdir við drög að reglugerð	6
Mikilvægi kennslu.....	6

Almennt um innsendanda

Hér að neðan má finna samantekt á athugasemdum við frumvarp til laga um skák.

Undirritaður hefur verið stórmeistari í skák frá árinu 2013, verið hluti af íslenska karlalandsliðinu síðan árið 2009 þar af sem fyrirlíði undanfarin fjögur ár, sinnt kennslu fyrir hönd Skáksamband Íslands og Skákaskólann frá árinu 2007, verið styrktur af þekktum íslenskum fyrirtækjum á borð við Icelandair Cargo, Kaupthing og Arion banka, verið í stjórn Skáksambands Íslands og staðið að skipulagningu móta. Með vísan í framangreint tel ég mig vel í stakk búinn til að meta fyrirætlaðar breytingar með hagsmuni fleirri hópa skáksamfélagsins en einungis stórmeistara en ljóst er að mikið er undir fyrir skáksamfélagið í heild sinni þegar kemur að lögfestingu laga um skák.

Athugasemdir við frumvarp til laga um skák

Samantekt

Draga má athugasemdir undirritaðs saman í eftirfarandi punkta:

- Einangra úthlutunir styrkja við stórmeistara (karla- og kvennastórmeistara). E.t.v. mætti einnig opna á alþjóðlega meistara (IM) sem hafa hlotið áfanga að stórmeistaratitli.
- Fjölga stjórnarmönnum úr 3 í 5.
- Mat á umsóknum – 9. gr.
 - Veita heimild til kennslu
 - Fyrirkomulag kennslau gæti t.a.m. verið ákveðin í samráði við stjórn Skáksambandsins/skólastjóra Skákaskólans sem er betur í stakk búinn að meta hvar mesta þörfin er.
 - Virkni
 - Mat á virkni styrkþega á ekki einungis að taka mið af kappskákum heldur einnig þátttöku í mótum með styttri tímamörkum (atskák/hraðskák) þar sem tímamörk móta hafa tekið stakkaskiptum frá lögfestingu laga um launasjóð stórmeistara árið 1991.

2. gr.

*Fjallað er um markmið frumvarpsins í 2. gr. **Með frumvarpinu er stefnt að því að styðja við starfsemi í skák hér á landi.** Þá er stefnt að því að efla afreksskákíðkun í landinu með því að veita bæði efnilegu skákfólki og afreksskákfólki styrki. Markmiðið er í samræmi við meginefni frumvarpsins sem íjallar um styrkjakerfi sem ætlað er að vera hvetjandi fyrir skákfólk til að ná árangri.*

Það verður ekki gert með því að meta virkni stykþega á grundvelli núgildandi viðmiða og með því að takmarka heimildir umsækjenda til að byggja styrkbeiðnir sínar á t.a.m. kennslu.

4. gr.

Í 4. gr. segir að ráðherra muni skipa 3 fulltrúa í stjórn, þar af tvo aðila tilnefnda af skákhreyfingunni. Það er mín skoðun að fulltrúar stjórnarinnar ættu að vera fimm talsins. Fulltrúar skákhreyfingarinnar þurfa að hafa sem ólíkasta bakgrunn innan skákarinnar til að tryggja að hægt sé að óska eftir styrkjum á grundvelli annarra markmiða en taflmennsku sem undirritaður dregur í efa að styðji jafn vel við skáksamfélagið í heild sinni og ráðuneytið vill meina.

5. gr.

*Í 5. gr. er íjallað um styrkveitingar úr afrekssjóði í skák. Í 1. mgr. 5. gr. kemur fram að styrkir séu veittir annars vegar til afreksskákfólks og hins vegar til efnilegs skákfólks sem stefna að alþjóðlegum árangri. Með afreksskákfólki er einkum átt við þá sem hlotið hafa nafnbótina stórmeistari í skák, **náð alþjóðlegum meistaratitli, hafa lokið áföngum í því að hjóta nafnbótina stórmeistari eða lokið áföngum að alþjóðlegum meistaratitli.** Með efnilegu skákfólki er átt við þá sem stefna að áföngum að alþjóðlegum meistaratitlum og eru líklegir til að ná slíkum árangri.*

Ákvæðið felur í sér of víðtæka nálgun. Í rauninni er verið veita ungu og efnilegu skákfólki „forgang“ til lengri tíma litið – sbr. einnig 10. gr. reglugerðar „Með efnilegum skákmönnum er átt við þá sem stefna að áföngum að alþjóðlegum meistaratitlum“. Sú staða getur komið upp þar sem að hæfir umsækjendur hlaupi á 50-60 einstaklingum.

Með því að opna á umsóknir annarra en stórmeistara er verið að grafa undan atvinnuöryggi stórmeistara og þar með upphaflegri ákvörðun þeirra að helga sig skákinni. Íslendingar hafa hingað til verið svo heppnir að búa að fjölmönnum hópi skákmanna sem ná stórmeistaratitli og er hæpið að sú staða komi upp að fjöldi hæfra umsækjenda verði af skornum skammti. Jafnframt má nefna að tækifæri ungra skákmanna til að fá styrki frá einkaaðilum eru umtalsvert fleiri en í tilviki stórmeistara. Hér mætti einnig nefna aukna þátttöku Skáksambandsins og Skákskólans en það er skoðun undirritaðs að báðar einingar mættu taka virkari þátt í að styrkja unga og efnilega

skákmenn í stað þess að láta stórmeistara og efnilega skákmenn berjast um sömu fjármuni. Að lokum má benda á að stórmeistarar mótmæltu þessari breytingu ráðuneytisins harðlega.

6. gr.

Meðal annars er gert ráð fyrir að hægt sé að binda styrkveitingar skilyrðum sem takmarka möguleika styrkþega til að fá á sama tíma greiðslur frá öðrum aðilum.

Erfitt er að átta sig á réttmæti ákvæðisins. Er hér verið að takmarka atvinnufrelsi styrkþeigenda? Eðlilegast væri að styrkþega yrði frjálst að sinna annarri atvinnu eftir sinni hentisemi, svo framarlega sem að skilyrðum styrksins séu mætt að fullu. Ákvæðið ber þess merki að ráðuneytið hafi ekki tekið fullnægjandi mið af ábendingum stórmeistara og Skáksambandsins sem komu ítrekað inn á þennan þátt.

Athugasemdir við einstaka hluta greinargerðar

„Frá árinu 1991 hafa orðið frekari breytingar á samfélaginu og löggjöf og orðið brýnt að taka löggjöf um skák til endurskoðunar að nýju. Frumvarpinu, sem er afurð þessarar endurskoðunar, er ætlað að styðja betur við það markmið að þeir sem skara fram úr í skák hafi tækifæri til þess að helga sig skáklíttinu, standi hugur þeirra til þess, og nái árangri á alþjóðavísu.“

Hér er komið inn á breytingar sem hafa átt sér stað á síðustu 30-35 árum en það á jafnt við um skákina sem og aðrar íþróttir. Mikið hefur breyst síðan að lög nr. 58/1990 um launasjóð stórmeistara í skák voru sett. Á þeim tíma voru ELO-stig (kappskákstig) eini mælikvarðinn á getu skákmanna. Frá árinu 2010 hafa tímamörk tekið stakkaskiptum að því leytnu til að tekin voru upp alþjóðleg atskák- og hraðskákstig. Var það gert til að ýta undir vægi annarra keppnisfyrirkomulaga. Í kjölfarið jókst áhugi skákmanna á netskák þar sem nær eingöngu er stuðst við styttri tímamörk, allt frá 1-15 mínútur á hvorn keppanda. Frumvarp til laga um skák taka hins vegar að engu leyti mið af þessum breytta veruleika.

Til frekari stuðnings fyrir ofangreindu má nefna að meignþorri íslenskra móta sem hafa gert hvað best í að laða að íslenska stórmeistara hafa verið hraðskákmót. Tímamörkin á þeim mótum eru u.þ.b. 3 mínútur á hvorn keppanda. Í samanburði var lengsta kappskák sem undirritaður hefur teftt rúmlega 7 og hálf klst.

Fyrirverandi heimsmeistari í skák og þekktasti skákmaður allra tíma, Magnus Carlsen, hefur jafnframt nefnt það í samtölum við undirritaðan og opinberlega í viðtölum að framtíðin er ekki í hefðbundnum kappskákum heldur í atskákum/hraðskákum. Með því að stytta tímamörkin er einna helst verið að veita skákinni aukna möguleika til tekjuöflunar í formi auglýsinga-

/sjónvarpstekna. Til frekari staðfestingar á þessari framvindu má nefna að margir af bestu skákmönnum í heimi fá stóran hluta af tekjum sínum frá streymi- og eða rekstur skákvefsíðna.

Í frumvarpi til laga um skák er ekki gert ráð fyrir að hægt sé að meta virkni styrkþega á grundvelli annarra mælikvarða en kappskáka, rétt eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Ef það er raunverulegur vilji ráðuneytisins að taka mið af breyttum aðstæðum þá er breyting á þessu úrelta viðhorfi algjör grundvallarforsenda fyrir því.

„Einnig er talsvert af efnilegu skákfólki sem hefur takmarkaða möguleika til þess að efla sig þar sem það uppfyllir ekki skilyrði til að fá úthlutað úr sjóðnum.“

Rétt eins og komið var inn á hér að ofan eru tækifæri ungs og efnilegs skákfólks til að hljóta styki umtalsvert fleiri í samanburði við stórmeistara. Ef það er raunverulegur vilji ráðuneytisins að styðja við bakið á viðkomandi hópi skákfólks væri hægt að skilyrða styrkþega sem vilja sinna kennslu að miðla reynslu sinni til þeirra. Af reynslu undirritaðs að dæma er það sá tími sem stórmeistarar gefa sér í að miðla þekkingu sinni til ungs og efnilegra skákfólks sem vegur mun þyngra en einstaka styrkir.

*„Jafnframt er lagt til að skilgreint verði í lögum að ríkið leggi ákveðin framlög til skákmála sem renni annars vegar til afrekssjóðs í skák og hins vegar til skákhreyfingarinnar í gegnum æðsta aðila hennar, Skáksamband Íslands, **m.a. til fræðslu um skák**“*

Það má ætla að hér sé einungis átt við framlaga til Skáskólans en hér er mikilvægt að huga að styrkbeiðnum þeirra stórmeistara sem vilja sinna kennslu sbr. það sem hefur komið fram að ofan.

„ Við undirbúning frumvarpsins var lögð áhersla á samráð við Skáksamband Íslands sem er landssamband íslenskra skákfélaga og æðsti aðili skákhreyfingarinnar á Íslandi. Skáksambandi Íslands var falið að gera tillögu til ráðherra að breytingum á fyrirkomulagi launasjóðs stórmeistara og Skákskóla Íslands. Skáksamband Íslands stóð fyrir viðtæku samráði innan skákhreyfingarinnar, þ.m.t. við stórmeistara í skák, og lagði sambandið fram tillögur að breytingum á grundvelli þeirrar vinnu. Frumvarpið byggist á þeim tillögum og er í öllum meginatriðum í samræmi við þær.“

Það er rétt að það átti sér stað víðtækt samráð en áhrif þess voru hins vegar afar takmörkuð ef tekið er mið af afurð þess. Ekki er annað að sjá en að megintilgangur frumvarpsins sé að fjarlægja

Íslenska stórmeistara sem opinbera starfsmenn sem hefur í för með sér gríðarlega réttindaskerðingu þeirra. Íslenskir stórmeistarar áttu flestir von á slíkum breytingum en töldu sig eiga möguleika á að koma inn jákvæðum breytingum samhliða réttindaskerðingunum, t.a.m. á mikilvægum þáttum á borð við fjárhæð launa eða þá auknar heimildir til að sinna öðrum og ekki síður mikilvægum þáttum skákarinnar eins og kennslu/gerð kennsluefnis.

„Aðrar ábendingar, þ.m.t. um að auka þurfi áherslu á rannsóknir og kennslu í skák og um greiðslu ferðakostnaðar, verða teknar til skoðunar í ráðuneytinu í tengslum við vinnu við reglugerð um afrekssjóð í skák, verði frumvarpið að lögum.“

Það þarf að framkvæma umtalsverðar breytingar á reglugerðinni til að ofangreint verði að veruleika.

Athugasemdir við drög að reglugerð

Í reglugerðinni segir til um að mat á styrkumsókn stórmeistara eigi að taka mið af hlutlægum mælikvörðum á borð við

- Staða á heimslista
- Skákstig
- Virkni
- Öðrum störfum
- Aðstæðum umsækjanda.

Ekki verður séð að það skipti ráðuneytinu máli hvaða öðrum störfum styrkþegi sinnir, svo framarlega sem að hann sinnir þeim verkum sem liggja til grundvallar úthlutunar.

Skákstig ættu jafnframt að miðast við meðaltal skákstiga á ákveðnu tímabili. Annars er skilyrðið til þess fallið að hafa neikvæð áhrif, meðal annars að stórmeistarar fari að velja sér veikari mót eða tefli minna ef þeir ná góðum árangri á ákveðnu tímabili.

Virkni – skilgreina þarf virkni í víðtækara samhengi. Þátttaka á mótum með styttri tímamörkum ættu að vera metin umsækjanda/styrkþega í hag.

Mikilvægi kennslu

Hvorki í frumvarpinu né í reglugerðinni er gert ráð fyrir að stórmeistarar geti sótt um laun á grundvelli kennslu eða rannsókna/námsefnisgerðar, að undanskildu:

„Aðrar ábendingar, þ.m.t. um að auka þurfi áherslu á rannsóknir og kennslu í skák og um greiðslu ferðakostnaðar, verða teknar til skoðunar í ráðuneytinu í tengslum við vinnu við reglugerð um afrekssjóð í skák, verði frumvarpið að lögum.“

Þetta er of óljóst, sérstaklega í ljósi þess að afreksþjálfun á Íslandi stendur og fellur með framlagi 3-5 aðila en tveir af þeim eru stórmeistarar. Ef litið er til markmiðsákvæðis 2. gr., sérstaklega þann hluta sem varðar „að styðja við starfsemi í skák hér á landi“ er hrein nauðsyn að veita stórmeisturum tækifæri á að gera það í formi kennslu eða rannsókna/fræðiskrifa. Til viðbótar má nefna þann skort sem er á hágæða kennsluefni á íslensku, en eðli málsins samkvæmt eru íslenskir stórmeistarar best til þess fallnir að útbúa slíkt efni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir úthlutun til Skáksambandsins til að efla fræðslu en það einangrast við starfsemi Skáksskólans. Það þarf að gera 9. gr. reglugerðar víðtækari svo að hún nái utan um kennsluna.

Skákmenn verða ekki stórmeistarar á grundvelli mikillar virkni annarra stórmeistara heldur miklu frekar á grundvelli þess að aðgengi að hágæða þjálfun/kennsluefni sé fyrir hendi. Gríðarlega aukning á möguleikum til taflmennsku á netinu sér um að auka áhuga byrjenda. Stórmeistararnir geta síðan stuðlað að því að þessi áhugaaukning leiði til fjölgunar á stórmeisturum til lengri tíma litið með því að hlúa að þeim sem skara framúr. Það verður best gert með því að skilyrða stórmeistara til þess að vera sýnilegir í skákmótum innanlands, sem að flest eru hraðskákmót, og með því að sinna kennslu.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan vilji er fyrir frekari skýringum eða ef eitthvað við ofangreint er óljóst.

Hjörvar Steinn Grétarsson

Stórmeistari í skák.